

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. mars 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til hjálpar heyrnardaufum börnum“. Hann er stofnaður af minningargjöf um hjónin Ingibjörgu Þóru Kristjánsdóttur Kúld, f. 12. apríl 1877, og Þorgrím Jónsson, bónda að Laugarnesi, f. 27. febrúar 1873, og því jafnframt minningarsjóður um þau hjón. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

### 2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heyrnardauf börn til sjálfsbjargar og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

### 4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð skólastjóra Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík, einum tilnefndum af félagi foreldra heyrnardaufra barna, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

### 5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum eða á annan tryggilegan hátt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 10 000.00. Eftir það má nota  $\frac{2}{3}$  vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

### 8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 1. október 1968, fellur úr gildi.

Reykjavík, 27. mars 1974.

Brandur Jónsson.

Hallgrímur Sæmundsson.

Sigurður Björnsson.

4. apríl 1974.

Nr. 154.

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Verslunarbanka Íslands h.f.

#### I. KAFLI

#### Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

##### 1. gr.

Félagið heitir Verslunarbanka Íslands h/f, og er það nefnt Verslunarbankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h/f. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verslunarsparisjóðsins og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum 14. júní 1960 samþykkt eignaryfirfærsluna.

##### 2. gr.

Heimili Verslunarbanks, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar (aðalbankans) getur stjórn félagsins, sem nefnd er bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík, svo og útibú utan Reykjavíkur.

##### 3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verslun landsmanna.

#### II. KAFLI

#### Um hlutafé Verslunarbanks.

##### 4. gr.

Aðalfundur Verslunarbanka Íslands h.f., haldinn 7. apríl 1973 samþykkir með vísan til 4. gr. samþykktu bankans frá 4. febrúar 1961, með áorðnum breytingum frá 8. apríl 1967 og staðfestar voru af ráðherra þann 18. mars 1961 og 4. mars 1968, að auka hlutafé bankans um allt að 70 millj. kr., þannig að það verði allt að 100 millj. króna. Skal sérhverjum hluthafa gefinn kostur á að kaupa hlutafé fyrir allt að þrefaldri hlutafjáreign sinni, sem hann á fyrir í félaginu, þ. e. allt að því fjórfalda hlutafjáreign sína, sbr. þó 2. mgr. þessarar samþykktar.

Nú vilja svo margir hluthafar neyta kaupréttar síns á hlutafjárauka, að öllum verði eigi veitt úrlaun og skulu hluthafar allir þá sæta hlutfallslegri lækkun, eftir því sem stjórn bankans ákveður.

Fari svo, að nægilega margir hluthafar eigi neyti forkaupsréttar, þannig að tilskilin upphæð náist, skal stjórn bankans heimilt að bjóða öðrum og nýjum hluthöfum aukinn hlut á því verði, sem hún ákveður.